

Nd.

377. Tillaga

til þingsályktunar um fyrirkomulag hrossasölu innanlands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að beitast fyrir því, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, að stofnuð verði hrossasölufjelög í hrossahjeruðum landsins.
2. Að stjórnin ráði að eins markaðshaldara, en hrossasölufjelögin sjái um aðra aðstoð við markaðshald, rekstur og gæslu á hrossunum til útflutningsstaðar.
3. Meðan hrossasölufjelög komast ekki á fót, sje sýslunefndum falið að kjósa framkvæmdarstjórn, sem annast það, sem hrossasölufjelögin eiga að framkvæma.
4. Að hrossum af Norðurlandi sje skipað út nyrðra, t. d. á Borðeyri.
5. Andvirði hrossanna greiðist, að svo miklu leyti sem fært þykir, í bankaávísun (tjekk).

Ástæður.

Þar sem það er nú orðið að lögum, að landsstjórnin hafi á hendi einkasölu á hrossum til útflutnings, hefir landbúnaðarnefnd þótt nauðsyn til bera að flytja þessa þingsályktunartillögu. Ástæðan til þess er sú, að nefndin hefir komist að því, með því að yfirfara kostnaðarreikninga við hrossasöluna síðastliðið sumar, að ýmislegt hefir orðið þar ærið dýrt og tvímælalaust dýrara en þurft hefði að vera. Telur nefndin rjett, að hrossaeigendur sjálfir annist þetta. Er það skiljanlegt, að þeir hafi á allan hátt betri tök á því að fá haganlegra og ódýrara fyrirkomulag á því en landsstjórnin, og jafnframt verður það þá þeirra eigin sök, ef meira er í kostnaðinn borið en þörf krefur.

Um nánara fyrirkomulag og önnur atriði tillögunnar verður vikið að í framsögu.